

## Samþykktir fyrir Vefaraættina - niðjasamtök

1. gr.

Samtökin heita *Vefaraættin – niðjasamtök kt. 691206-0410* og eru samtök afkomenda Jóns Þorsteinssonar Skjöld vefara (1771-1827) og konu hans Þóreyjar Jónsdóttur (1772-1843), sem búsettir eru hérlandis.

2. gr.

Heimili samtakanna og varnarþing er í Reykjavík.

3. gr.

Tilgangur samtakanna er að lagfæra og varðveita ættarminjar, skrá og viðhalda ættarsögu, gefa út niðjatal í bókarformi og / eða með rafrænum hætti, svo og afleidd fjármálastarfsemi og eignaumsýsla. Samtökin halda úti vefsíðunni: <http://vefari.bloggar.is/>

4. gr.

Tilgangi sínum hyggjast samtökin ná með því að safna frjálsum framlögum frá niðjum Vefaraættarinnar sem búsettir eru hérlandis.

5. gr.

Stofnfélagar eru :

Gunnlaugur Haraldsson, kt. 230151-4749, Bárugötu 9, 101 Reykjavík,  
Hrefna Róbertsdóttir, kt. 060961-4339, Sólheimum 40, 104 Reykjavík  
Kristjón Kolbeins, kt. 070842-4759, Nýbýlavegi 60, 200 Kópavogi  
Þorvarður Örnólfsson, kt. 140827-4449, Vorsabæ 3, 110 Reykjavík.

6. gr.

Í samtökin geta gengið allir af Vefaraætt sem hafa hug á því að leggja tilgangi þeirra lið.

7. gr.

Stjórn samtakanna skal skipuð fjórum félagsmönnum, þ.e. formanni, gjaldkera, ritara og meðstjórnanda. Stjórnarmenn skulu kosnir á aðalfundi samtakanna til tveggja ára í senn og skiptir stjórnin sjálf með sér verkum. Formaður boðar stjórnarmenn á stjórnarfundi þegar þurfa þykir.

8. gr.

Á hverjum aðalfundi skal kjósa fjárfélagarnefnd samtakanna sem, auk stjórnarformanns, skal skipuð einum fulltrúa fyrir niðja hvers þeirra tíu barna Jóns og Þóreyjar sem eignuðust afkomendur. Nefndin kys sér þriggja manna framkvæmdarnefnd úr eigin hópi.

9. gr.

Starfstímabil stjórnar er milli aðalfunda. Reikningsár samtakanna er almanaksárið.

10. gr.

Aðalfund samtakanna skal halda í febrúar-mars ár hvert og skal opinn öllum félagsmönnum. Fundinn skal boða með rafpósti eða símhringingu með sem næst 15 daga fyrirvara. Dagskrá aðalfundar skal vera sem hér segir:

1. Stjórnin gefur skýrslu um starfið á liðnu starfstímabili og verkefni framundan.
2. Reikningar liðins árs lagðir fram til samþykktar.
3. Tillögur um breytingar á samþykktum þessum lagðar fram til afgreiðslu, hafi þær borist stjórninni minnst viku fyrir fundinn.
4. Kosning stjórnar (annað hvert ár) og fjárfélagarnefndar (árlega).
5. Ákveðið árgjald til samtakanna.
6. Önnur mál.

## Samþykktir fyrir Vefaraettina - niðjasamtök

11. gr.

Samþykktum þessum má aðeins breyta á löglegum aðalfundi og þarf til þess 2/3 hluta greiddra atkvæða. Með sama meirihluta má samþykka að leggja samtökin niður. Renna þá eignir þeirra til Gunnarsstofnunar á Skriðuklaustri eða til Safnahúss á Egilsstöðum.

Ákvæði til bráðabirgða:

- A. Fram til fyrsta aðalfundar samtakanna skal stjórn þeirra skipuð stofnfélögnum fjórum, sbr. 5. gr., enda skipti þeir með sér verkum sbr. 7. gr.
- B. Fram til sama fundar skal fjáröflunarnefnd vera skipuð, auk stjórnarformanns, þeim niðjum Jóns og Þóreyjar sem kosnir voru í þá nefnd á fundi í Félagsheimili Kópavogs 11. desember 2006, og framkvæmdanefnd fjáröflunarnefndar vera skipuð þeim þremur sem nefndin kaus á fundi á Hótel Borg 19. desember 2006.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 28. desember 2006.

Hrefna Róbertsdóttir  
Formaður

Gunnlaugur Haraldsson  
Ritari

Kristján Kolbeins  
Gjaldkeri

Þorvarður Örnólfsson  
Meðstjórnandi